

Skýrsla starfshóps um framtíðarskipan reksturs Sarps

Inngangur

Á aðalfundi Rekstrarfélags Sarps 2025 var sagt frá áformum stjórnar um að setja á fót starfshóp sem hefði það verkefni að finna leiðir til að skjóta sterkari fjárhagslegum stoðum undir Sarp sem stafræns innviðar og tryggja framtíðarskipan reksturs félagsins. Sá starfshópur hóf störf í júlí 2025 og hann skipa Björg Björnsdóttir frá Minjasafni Austurlands, Hanna Rósa Sveinsdóttir frá Minjasafninu á Akureyri og Þorvaldur Gröndal frá Borgarsögusafni. Í erindisbréfi starfshópsins kemur fram að starfshópurinn skuli leggja fram tillögur fyrir aðalfund ársins 2026 að breytingum á gjaldskrá og vinna að undirbúningi nauðsynlegri breytinga á samþykktum félagsins, s.s. varðandi aðild og eignarhald ef þörf krefur.

Innleiðing Sarps 4, sem Logi Einarsson ráðherra menningar-, nýsköpunar- og háskólamála opnaði með viðhöfn 3. desember 2025, var tilefni frumkvæðis stjórnarinnar að myndun starfshópsins. Innleiðingin hefur tekið mið af faglegum og rekstrarlegum forsendum og verið fjármögnuð með eigin fé Rekstrarfélagsins og styrkjum. Stofnkostnaður vegna kerfisins og gagnaflutnings hefur að mestu verið greiddur en ljóst er að árlegur rekstrarkostnaður kerfisins mun hækka með tilkomu nýja kerfisins. Þá leiddi undirbúningsvinna við nýjan Sarp í ljós að til að tryggja þróun kerfisins og hámarka nýtingu þess, þarf að innleiða og reka stafrænt gagnaumsjónarkerfi, sk. DAM-kerfi (e. Digital Asset Management). Slík viðbót myndi styðja við varðveislu, miðlun og nýtingu gagna en felur jafnframt í sér frekari hækkun á rekstrarkostnaði sem þarf að mæta. Því var talið nauðsynlegt að ráðast í heildstæða skoðun á rekstri félagsins með það fyrir augum að tryggja að reksturinn verði, eftir sem áður, sjálfbær og taki mið af breyttum aðstæðum og framtíðarkröfum. Erindisbréf starfshópsins er að finna í viðauka.

Vinnuferli

Þar sem meðlimir starfshópsins eru staðsettir víða um landið, var ákveðið að fundahöld færu að mestu leyti fram á fjarfundum. Þó var gert ráð fyrir að starfshópurinn gæti hist að minnsta kosti tvisvar í raunheimum. Segja má að eiginlegt upphaf starfsins hafi verið fundur með stjórn og framkvæmdastjóra Rekstrarfélags Sarps 25. ágúst 2025 þar sem starfshópurinn hafði tækifæri til að fræðast um rekstur Sarps og þá möguleika sem felast í nýjum Sarpi. Þá fékk starfshópurinn fjölda gagna frá framkvæmdastjóra sem komu að góðum notum í starfinu.

Starfshópurinn kom sér upp sameiginlegu vinnusvæði á TEAMS og setti sér að funda alla jafna vikulega. Þá nýtti starfshópurinn þau tækifæri sem gáfust til að funda í raunheimum, s.s. í kringum farskóla FÍSOS og ársfund höfuðsafna. Starfshópurinn hafði

einnig greiðan aðgang að Sveinbjörgu Sveinsdóttur, framkvæmdastjóra Rekstrarfélags Sarps og Ágústu Kristófersdóttur, formanni stjórnar Rekstrarfélagsins, sem var ómetanlegt.

Greining og aðgerðir starfshóps

Árið 2016 voru kynntar á aðalfundi Rekstrarfélagsins niðurstöður vinnuhóps um gjaldskrárbreytingar (sjá viðauka). Í starfi hópsins var haft að leiðarljósi að gjaldskrárbreytingarnar væru einfaldar, fyrirsjáanlegar, sanngjarnar og hvetjandi til skráningar. Niðurstaða hópsins var að leggja til að gjaldskráin yrði miðuð við ársverk eingöngu sem er gildandi fyrirkomulag. Verð á hvert ársverk hækkar eftir því sem ársverkin eru fleiri, þ.e. eftir því sem þeim fjölgar er stigvaxandi álagning á gjald hvers ársverks sem reiknað er í þrepum. Það gerir það að verkum að það safn sem greiðir lægsta árgjald árið 2025 greiddi 174.280 kr. en safnið með hæsta gjaldið greiddi 13.395.197 kr. Ekki er tenging á milli gagnamagns notenda eða fjölda starfsmanna, sem nota kerfið, og árgjalds. Þannig að í raun niðurgreiða stærstu stofnanirnar afnotagjöld þeirra sem minni eru.

Þessi aðferðafræði hefur skilað söfnum með fáa starfsmenn lágum notendagjöldum en stóru söfnin greiða mest; Þjóðminjasafn Íslands og Borgarsögusafn Reykjavíkur hafa þar dregið vagninn um árabil. Þessi reikniregla virðist hins vegar hafa reynst ákveðin hindrun í því að fá stærri söfn til aðildar, t.a.m. Listasafn Reykjavíkur, sem er eitt mikilvægasta listasafn landsins. Það safn ætti sannarlega heima í Sarpi, bæði til að endurspegla listaverkæign safna í landinu og auka aðgengi almennings að henni auk þess sem tekjur félagsins myndu aukast.

Starfshópurinn kynnti sér það sem lá til grundvallar niðurstöðum vinnuhópsins frá 2016 og fór auk þess yfir minnisblað LEX lögmannsstofu um möguleg félagsform Rekstrarfélags Sarps, dagsett 23. september 2014 (sjá viðauka). Það lá fljótlega fyrir að starfshópurinn telur núverandi reiknireglu við ákvörðun gjaldskrár vera skynsamlega þó þeim sjónarmiðum hafi verið hreyft að mögulega ætti, við mat á fjölda ársverka, að gera greinarmun á föstum starfsfólki og árstíðabundnu starfsfólki (s.s. sumarstarfsfólk).

Samhliða var ákveðið, í samráði við framkvæmdastjóra Rekstrarfélags Sarps, að fá KPMG til að framkvæma fjárhagsgreiningu og mat á fjárþörf. KPMG var falið að rýna helstu forsendur gjaldskrár og uppbyggingu hennar og stilla upp reikniverki fyrir rekstur félagsins fyrir tímabilið 2026-2030 með það að markmiði að meta áhrif mismunandi forsenda á rekstrarniðurstöðu starfseminnar. Rekstrarlíkanið byggir í grunninn á kostnaðaráætlun stjórnenda fyrir árin 2026-2030.

Greining KPMG

Reiknilíkan KPMG er sett upp með fimm sviðsmyndum sem settar voru fram af starfshópnum og er ætlað að endurspegla mismunandi forsendur. Markmiðið var annars vegar að meta fjárpörf starfseminnar miðað við óbreytt rekstrarfyrirkomulag og álagningu notendagjalda og hins vegar að kanna hverjar tekjur félagsins þurfa að vera til að standa undir væntum rekstarkostnaði næstu ára.

Rekstrarlíkanið er byggt upp á einföldu samspili helstu tekju- og kostnaðarliða yfir tímabilið þar sem tekjur ráðast af annars vegar fjölda ársverka notenda og gildandi gjaldskrá Sarps og hins vegar af hugsanlegu framlagi frá opinberum aðilum (í tilteknum sviðsmyndum). Kostnaðurinn samanstendur af þremur meginflokkum sem eru rekstarkostnaður kerfisins, laun og annar rekstarkostnaður. Gert er ráð fyrir að kostnaðarliðir hækki með verðlagi út tímabilið. Sviðsmyndir líkansins eru allar settar fram með og án rekstarkostnaðar DAM-kerfisins en gert er ráð fyrir að kostnaður við það komi inn árið 2027 og áfram.

Líkanið er sett upp með fimm sviðsmyndum sem er ætlað endurspegla mismunandi forsendur um þróun tekna yfir tímabilið.

Lýsing á sviðsmyndum	
Sviðsmynd	Lýsing á sviðsmynd
Sviðsmynd 1	Óbreytt staða þar sem kostnaðarliðir vaxa með vísitölu neysluverðs eða launavísitölu. Stuðst við núverandi gjaldskrá fyrir árið 2026 og gert er ráð fyrir að hún muni hækka um 3,0% á ári.
Sviðsmynd 1b	Gjaldskrá hækkuð til þess að standa undir auknum rekstarkostnaði. Gjaldskráin hækkar umtalsvert árið 2028 til þess að mæta auknum kostnaði vegna DAM.
Sviðsmynd 2	Aðeins eitt fast gjald fyrir hvert ársverk, 180 þús.kr. sem er lágsta gildi skv. núverandi gjaldskrá. Rekstur að öðru leyti óbreyttur.
Sviðsmynd 2b	Stuðst við eitt fast gjald á hvert ársverk og fjárhæð þess stillt af á hverju ári til að standa undir rekstarkostnaði viðkomandi árs.
Sviðsmynd 3	Fast gjald fyrir öll ársverk (180 þús.kr.) en að auki er gert ráð fyrir framlagi frá ríkinu til að standa undir rekstarkostnaði félagsins og þar með mæta kostnaðarauka vegna nýrra kerfa og aukinnar þjónustu.

Sviðsmyndagreiningin sýnir að rekstrarniðurstaða Sarps er verulega háð þróun gjaldskrár og meðhöndlun kostnaðaraukningar vegna DAM kerfisins.

Samantekt sviðsmynda - EBITDA						
m.kr.	2026	2027	2028	2029	2030	Fjárbörf/afgangur
Sviðsmynd 1	(7.4)	(17.1)	(50.2)	(65.3)	(67.4)	(207.3)
Sviðsmynd 1b	0.3	0.4	0.4	0.6	0.4	2.1
Sviðsmynd 2	(18.9)	(29.0)	(62.4)	(77.9)	(80.5)	(268.8)
Sviðsmynd 2b	0.3	0.4	0.4	0.6	0.4	2.0
Sviðsmynd 3	0.1	0.5	0.1	1.1	0.5	2.2

Þróun á gjaldskrá						
Hækkun á gjaldskrá	2026	2027	2028	2029	2030	Fast gjald 2026
Sviðsmynd 1	N/A	3.0%	3.0%	3.0%	3.0%	N/A
Sviðsmynd 1b - með DAM	12.5%	17.0%	43.5%	15.0%	3.0%	N/A
Sviðsmynd 2	N/A	3.0%	3.0%	3.0%	3.0%	180,825
Sviðsmynd 2b - með DAM	N/A	17.0%	43.5%	15.0%	3.0%	251,000
Sviðsmynd 3	N/A	3.0%	3.0%	3.0%	3.0%	180,825

Sviðsmynd 1 og 1b: Ljóst er að miðað við óbreytt tekjufyrirkomulag og þann rekstrarkostnað sem áætlað er að falli til á næstu árum, reiknast undirliggjandi fjárbörf vegna áranna 2026 - 2030 ríflega 200 m.kr. Til að standa undir kostnaðarauka næstu ára með notendagjöldum eingöngu þyrfti gjaldskrá félagsins að hækka um 99% á næstu fimm árum til að halda rekstrarniðurstöðu þess jákvæðri. Ef rekstrarkostnaður vegna DAM-kerfisins er undanskilinn, þyrfti gjaldskrárhækkun fram til ársins 2030 að nema tæpum 40%.

Sviðsmyndir 2 og 2b: KPMG skoðaði jafnframt hvaða áhrif það hefði á rekstrarniðurstöðu félagsins ef gjaldskrá Sarps kvæði aðeins á um eitt fast gjald fyrir hvert ársverk. Í sviðsmynd 2 er gengið út frá því að gjaldið nemi um 180 þús.kr. sem er í samræmi við grunn gjald núverandi gjaldskrár. Notendagjöld reiknast þá 50 m.kr. á ársgrunni. Sú leið myndi leiða til fjárþarfar að fjárhæð 268 m.kr. á tímabilinu 2026 - 2030. Til að standa undir áætluðum rekstrarkostnaði ársins 2026 þyrfti fast gjald að vera um 251 þús.kr. á hvert ársverk. Vegna aukins kostnaðar á næstu árum þyrfti gjaldið að tæplega tvöfaldast fram til ársins 2030 og stæði þá í rétt tæpum 500 þús.kr. Ef ekki er gert ráð fyrir rekstrarkostnaði DAM-kerfis þyrfti grunn gjald ársins 2026 að vera 251 þús.kr. en myndi hækka í 350 þús.kr. á næstu fimm árum eða um rétt tæp 40%.

Sviðsmynd 3: Í sviðsmynd 3 er gert ráð fyrir notendagjöld verði 180 þús.kr. á hvert ársverk en árlegt framlag frá ríkissjóði standi að öðru leyti undir rekstri Sarps. Með hliðsjón af væntum rekstrarkostnaði þyrfti framlagið að vera um 22,5 m.kr. á árinu 2026 en færi hækkandi eftir því sem aukinn rekstrarkostnaður fellur til, m.a. vegna DAM-kerfisins.

Heildarframlag ríkissjóðs á næstu 5 árum þyrfti að vera um 274 m.kr. til að halda rekstri Sarps í jafnvægi. Ef rekstrarkostnaður DAM-kerfis er undanskilinn þyrfti ríkisframlag að vera um 167 m.kr. yfir spátímabilið (2026 - 2030).

Reiknilíkanið gefur einfalt yfirlit sem hægt að nýta til að meta áhrif lykilmála á rekstur Sarps á tímabilinu 2026-2030. Greiningin undirstrikar mikilvægi þess að skoða tekjugrunn félagsins í samræmi við undirliggjandi kostnaðarþróun til að tryggja sjálfbæran rekstur til lengri tíma.

Af niðurstöðum KPMG má vera ljóst að renna þarf fleiri stoðum undir tekjuöflun Sarps heldur en nú er. Notendagjöldin eins og sér duga ekki til nema með mikilli hækkun þeirra. Að mati starfshópsins er sú leið vart fær því hún gæti haft í för með sér að söfn hefðu ekki fjárhagslegt bolmagn til að vera í Sarpi og fældi einnig frá hugsanlega nýja notendur. Sanngjarnt hóflegt notendagjald er forsenda þess að fá fleiri aðila til að gerast aðilar að Sarpi. Reiknilíkan og minnisblað KPMG er að finna í viðauka.

Í ljósi niðurstöðu greiningar KPMG, beindist vinna starfshópsins að því að leita frekar leiða til að skjóta annars konar fjárhagslegum stoðum undir Sarp þannig að ekki þurfi að koma til verulegar hækkunar á notendagjöldum safna.

Aðkoma opinberra aðila að rekstri Sarps

Þegar rýnt er í niðurstöður KPMG á helstu forsendum gjaldskrár og uppbyggingu hennar út frá ólíkum forsendum er ljóst að fastur ótímabundinn samningur við hið opinbera væri sú leið sem myndi best tryggja framtíðarrekstur Sarp.

Sarpur er lykilinnviður í varðveislu og miðlun menningararfs Íslands. Hann er skráningar- og upplýsingakerfi safna og stafrænt menningarsafn fyrir almenning. Upplýsingakerfið hefur verið rekið allt frá árinu 1998 og í því eru skráningargögn um safngripi allt frá því í árdaga almennrar tölvunotkunar eða frá því um 1990. Sarpur er þar af leiðandi menningarleg stafræn gullnáma og þjónar bæði sem innra kerfi safna til skráningar og umsýslu safnkosts og sem ytri vefur þar sem almenningur hefur aðgang að upplýsingum um menningararfinn. Þar eru varðveittar upplýsingar um listaverk, muni, forngripi, ljósmyndir og þjóðhætti, svo fátt eitt sé talið. Í gegnum Sarp verða upplýsingar um íslenskan menningararf aðgengilegar til notkunar sem getur aukið gæði í upplýsingaöflun og miðlun, t.d. í gegnum gervigreind.

Á ársfundi höfuðsafna 16. apríl 2026, sem helgaður var söfnum og gervigreind kom fram í máli nokkurra framsögumanna, þ. á m. Lilju Daggar Jónsdóttur, framkvæmdastjóra Almennaróms: Miðstöðvar máltækni, að til þess að gervigreindin geti komið íslensku samfélagi að gagni, nægi ekki að hún hafi góð tækni á íslensku, heldur þurfi gervigreindin einnig að hafa aðgang að stafrænum upplýsingum um menningu og þjóðhætti Íslendinga.

Nær óhætt er að fullyrða að stafrænt gagnasafn á borð við Sarp er einstakt á Íslandi og stafvæðing þess, með tilkomu DAM-kerfis, myndi auðvelda til muna alla nýtingu þess, t.a.m. í gegnum gervigreind. Slíkt kerfi styður við bættu varðveislu stafrænna afrita af safnkosti, betri skráningu lýsigagna, samræmt verklag og hagræði í vinnu safna, rekjanleika og einfaldari miðlun til bæði fræðafólks og almennings. Með DAM-kerfisviðbót verður Sarpur enn mikilvægari sem stafrænn innviður. Þá samræmist innleiðing DAM-kerfis þeim markmiðum sem finna má í áherslum stjórnvalda um varðveislu, jafnt aðgengi og stafvæðingu menningararfsins.

- Menningararfurinn – stefna um varðveislu og aðgengi (2021)
- Stefnumörkun um safnastarf (Safnaráð, 2023)
- Stafræn stefna Íslands (Stafrænt Ísland, 2021)
- Stefna um verndun og rannsóknir á fornleifum og byggingararfi (Minjastofnun Íslands, 2022–2027)

Það var því niðurstaða starfshópsins að eðlilegt væri að leita til hins opinbera; ríkis og sveitarfélaga, um aðkomu þess að fjármögnun Sarps til framtíðar. Starfshópurinn setti sig í samband við ráðuneyti menningar- nýsköpunar og háskólar og Samband íslenskra sveitarfélaga og sendi, í samstarfi við Rekstrarfélag Sarps, formlegt erindi bæði til ráðuneytis menningar-, nýsköpunar- og háskóla og Sambands íslenskra sveitarfélaga að undangengnu samtali og fundum við fulltrúa ráðuneytis og formann stjórnar Sambandsins.

Við ráðuneyti voru lagðar til þrjár mögulegar leiðir:

1. Að höfuðsöfnin þrjú, sem nú þegar eiga aðild að Sarpi, greiði fasta vísitölutryggða upphæð til Sarps. Söfnunum yrði þá tryggt fé til að mæta þessum samningi í fjárlögum hvers árs.
2. Að safnasjóður greiði fast framlag til reksturs Sarps.
3. Að gerður verði samningur um framlag til Sarps á fjárlögum.

Starfshópurinn fann fyrir bæði vilja og áhuga innan ráðuneytisins. Ljóst er að aðlaga þarf aðkomu ríkisins að því fjármagni sem til ráðstöfunar er á gildistíma fjármálaáætlunar þar sem áhersla er á aðhald. Á starfstíma starfshópsins skilaði Miðstöð stafrænna hugvísinda og lista drögum að skýrslu sem hún vann fyrir ráðuneytið. Skýrslan fjallar um stöðuna á landsáætlun um stafvæðingu menningararfs. Fyrirhugaður er fundur með ráðherra í lok maí þar sem skýrslan og staða stafvæðingar verður til kynningar. Verið er að kanna möguleika á að setja af stað átaksverkefni um stafvæðingu og sækja til þess fjármagn í fjárlögum 2027. Vinna við frumvarpið hefst vorið 2027 og það verður svo lagt fram á haustþingi. Ráðuneytið lítur á erindi Rekstrarfélagsins um stuðning við Sarp sem hluta af slíku átaksverkefni. Þó vitanlega sé brýnt að tryggja að fjárhagslegur stuðningur við Sarp

verði hluti af fyrirhuguðu átaksverkefni stjórnvalda um stafvæðingu, er það engu að síður mat starfshópsins að stjórn Rekstrarfélagsins ætti að leggja áherslu á að halda áfram viðræðum við ráðuneytið um ótímabundinn samning vegna reksturs Sarps.

Í samræðum við fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga var bent á að Sarpur er öflugt tæki sem nýtist sveitarfélögum best með því að líta ekki einvörðungu á Sarp sem safnkerfi heldur sem sameiginlegan grunn fyrir menningararf sem hægt er að tengja við ferðaþjónustu, skipulagsvinnu, skólastarf og önnur samfélagsleg verkefni. Um 74% sveitarfélaga nýta Sarp í dag, í gegnum söfn í þeirra eigu, en engu að síður má segja að kerfið sé að mörgu leyti vannýtt af sveitarfélögum. Af hálfu Sambandsins var bent á 5. gr laga um Jöfnunarsjóð þar sem *Sérstök framlög* eru skilgreind. Í lið f þeirrar greinar kemur fram að ráðherra geti veitt framlag til sérstakra verkefna sem geta haft mikla þýðingu fyrir sveitarfélög. Það gerir ráðherra á grundvelli tillagna frá ráðgjafanefnd Jöfnunarsjóðs. Það væri því mögulegt fyrir rekstrarfélagið að sækja um til ráðgjafanefndarinnar á grundvelli þessa ákvæði. Starfshópurinn gerir það að tillögu sinni að þessi möguleiki verði kannaður frekar auk þess sem það gæti verið þess virði að fara í sérstakt kynningarátak gagnvart sveitarfélögunum til að vekja athygli á nýtingarmöguleikum Sarps.

Niðurstaða

Þrátt fyrir að ekki liggi fyrir fastmótaðar niðurstöður úr viðræðum við ríki og sveitarfélög og starfshópurinn skili því ekki endanlegum tillögum, líkt og erindisbréf hans gerði ráð fyrir, er það engu að síður mat starfshópsins að stigin hafi verið mikilvæg skref til að tryggja framtíðarrekstur Sarps sem taka mið af mikilvægi kerfisins fyrir íslenskt samfélag. Sarpur er hjartað í íslensku safnastarfi og mikilvægur liður í skráningu, varðveislu og miðlun menningararfs þjóðarinnar. Sarpur er fyrirmyndar stafrænn innviður sem hefur fengið að þróast og vaxa á löngum tíma í gegnum samvinnu notenda. Hann hefur gert minni söfnum kleift að nýta vandaðan hugbúnað í sinni skráningar- og umsýsluvinnu og eiga í samtali við stærri söfn um faglegar áherslur og samvinnu. Með því að bæta við DAM-kerfi er einnig tryggt að stafrænar upplýsingar um menningararfinn glatist ekki heldur verði varðveittar, aðgengilegar og nýttar í þágu þjóðarinnar til framtíðar. Vert er að geta þess að umsókn Rekstrarfélags Sarps um innkaupastyrk úr Rannís fyrir DAM-kerfi (e. *Digital Asset Management*) viðbót við Sarp var samþykkt á vordögum 2026. Alls nemur styrkurinn um 30 m.kr. sem er um 65% af áætluðum stofnkostnaði. Þetta ætti að sýna enn frekar fram á trúverðugleika og mikilvægi erindis Rekstrarfélagsins gagnvart hinu opinbera.

Það er mat starfshópsins að á þessari stundu sé ekki forgangsatriði að endurskoða félagsform Sarps, slík endurskoðun þarf að haldast í hendur við þær breytingar sem mögulega verða á tekjum Rekstrarfélagsins.

Starfshópurinn beinir því jafnframt til stjórnar Rekstrarfélags Sarps að skoða hvort fýsilegt væri að fara í áttak gagnvart nýjum aðilum um aðild af Sarpi. Mætti þar nefna aðra opinbera aðila, eins og Vegagerðina, og síðan ýmis fyrirtæki sem sinna sjálf söfnun og varðveislu minja tengdri þeirra starfsemi. Í því samhengi geta hófleg notendagjöld verið gulrót en ekki þröskuldur. Því fleiri aðilar sem nýta sér þjónustu Sarps, því augljósara verður mikilvægi hans.

Það verður verkefni stjórnar Rekstrarfélags Sarps að leiða áfram þessar mikilvægu samningaviðræður við hið opinbera en vonandi hefur starfshópnum tekist að glöggva og auka skilning á mikilvægi Sarps í varðveislu og miðlun menningararfsins.

26. maí 2026

Björg Björnsdóttir

Hanna Rósa Sveinsdóttir

Þorvaldur Gröndal

Viðauki

[Erindisbréf stjórnar](#)

[Niðurstöður vinnuhóps um gjaldskrárbreytingar frá 2016](#)

[Minnisblað LEX lögmannsstofu um möguleg félagsform Rekstrarfélags Sarps](#)

[Reiknilíkan](#) og [minnisblað](#) KPMG

Tengiliðir

[Ráðuneyti menningar-, nýsköpunar og háskóla](#)

Vilhelmína Jónsdóttir – vilhelmina.jonsdottir@mh.is, s. 7793079

[Samband íslenskra sveitarfélaga - Stafrænt samstarf sveitarfélaga](#)

Verkefnisstjóri stafræns samstarfs: Björgvin Sigurðsson – bjorgvin@samband.is, s. 6952650

KPMG